



Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21.12.2015  
Tilv. 90.13  
JS/mp

**Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla, nr. 37/1992, með síðari breytingum. Þingskjal 521 - 385. mál**

Vísað er í ofangreint erindi Atvinnuveganefndar Alþingis dags. 14. desember 2015.

Hafrannsóknastofnun fagnar því að stjórnvöld beiti sér fyrir því að bæta umgjörð laga til að tryggja sem best sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda hafsins, en telur þó að frekari útskýringa sé þörf á 1. grein frumvarpsins og á það sérstaklega við um liði c og f í þeirri grein:

Varðandi lið 1.c þá er rétt að grásleppa er veidd á ákveðnu veiðitímabili. Hins vegar er í reglugerð um makrílveiðar tilgreint að leyfi séu gefin út fyrir almanaksár. Veiðitímabilið ræðst því af því hvenær makrill finnst í íslenskri fiskveiðilögsögu frekar en af því regluverki sem sett er um veiðarnar. Jafnframt má nefna að stofn íslenskrar sumargotssíldar er að jafnaði veiddur frá október og fram í janúar, en á síðari árum veiðist hún jafnframt sem meðalli við makrílveiðar. Skýra þarf betur í greinargerð í hvaða tilvikum þessi grein ætti við og gagnvart hvaða skipaflokkum.

Komi til þess að þessi liður standi óbreyttur verði frumvarpið að lögum, telur Hafrannsóknastofnun mikilvægt að tillit verði tekið til áætlaðs ólögmæts sjávaraflla við úthlutun aflamarks.

Varðandi lið 1.f gæti allur afli sem nú er skilgreindur sem undirmál (t.d. þorskur minni en 50 cm ) og/eða afli undir viðmiðunarmörkum veiðieftirlits (t.d. þorskur minni en 55 cm) talist til ólögmæts aflla, sem vart er tilgangur þessarar greinar. Þessi grein virðist því stangast á við reglur um undirmál og viðmiðunarmörk.

F.h. Hafrannsóknastofnunar,

Jóhann Sigurjónsson.